



D Ó M U R

22. desember 2010

Mál nr. **E-2832/2009:**

Stefnandi: Aresbank

(Baldvin Björn Haraldsson hdl.)

Stefndu: NBI hf.

(Borgar Þór Einarsson hdl.)

Fjármálaeftirlitið

Ríkissjóður Íslands

(Jóhannes Karl Sveinsson hrl.)

Dómarar: Eggert Óskarsson héraðsdómari
Áslaug Björgvinsdóttir héraðsdómari
Már Wolfgang Mixa fjármálafræðingur

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 2010 í máli nr. E-2832/2009:

Aresbank

(Baldvin Björn Haraldsson hdl.)

gegn

NBI hf.,

(Borgar Þór Einarsson hdl.)

Fjármálaeftirlitinu og

(Jóhannes Karl Sveinsson hrl.)

Ríkissjóði Íslands

(Jóhannes Karl Sveinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 24. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Aresbank, Castellana, 257 Madrid, Spáni, aðallega á hendur NBI hf., Austurstræti 11, Reykjavík en til vara Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík og íslenska ríkinu, Sölvhólgötu 7, Reykjavík, með stefnu áritaðri um birtingu 26. og 27. febrúar 2009.

Dómkröfur stefnanda eru þær að aðalstefndi, NBI hf. verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð 30.000.000 evra með 5,18% vöxtum af 15.000.000 evra frá 6. júní 2008 til 10. desember 2008 og með 5,02% vöxtum af 15.000.000 evra frá 7. ágúst 2008 til 12. nóvember 2008. Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 15.000.000 evra frá 12. nóvember 2008 til 10. desember 2008 en af 30.000.000 evra frá þeim degi til greiðsludags.

Varaaðild

Verði stefndi NBI hf. sýknaður er kröfum til vara beint að íslenska ríkinu og Fjármálaeftirlitinu og þess krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi varastefndu, íslenska ríkisins og Fjármálaeftirlitsins, þar sem hann varð af greiðslum innstæðna frá aðalstefnda að fjárhæð 30.000.000 evra með 5,18% vöxtum af 15.000.000 evra frá 6. júní 2008 til 10. desember 2008 og með 5,02% vöxtum af 15.000.000 evra frá 7. ágúst 2008 til 12. nóvember 2008 og að fjárhæð 7.000.000 breskra punda með 6,20% vöxtum frá 16. september 2008.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur aðalstefnda, NBI hf., eru þær að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar mati dómsins.

Dómkröfur varastefndu, Fjármálaeftirlitsins og íslenska ríkisins eru þær að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu og að tekið verði tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar að varastefndu reka ekki virðisaukaskattskylda starfsemi.

Málsatvik

Stefnandi er spænskur banki í eigu Libyan Foreign Bank sem er í eigu Seðlabanka Líbýu. Sumarið 2008 og fram á haust það ár, á tímabilinu frá 6. júní 2008 til 26. september 2008, lagði stefnandi níu sinnum inn upphæðir hjá bönkum á Íslandi, hjá Kaupþingi banka hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Um var að ræða svonefnd peningamarkaðsinnlán samtals 120.000.000 evra auk 7.000.000 breskra punda. Þrjú af þessum innlánnum voru lögð inn hjá Landsbanka Íslands hf., fyrst 15.000.000 evra þann 6. júní 2008 en sú innstæða var bundin til 10. desember 2008 og bar 5,02% vexti. Síðan var sama fjárhæð, 15.000.000 evra, lögð var inn 7. ágúst 2008, hún var bundin til 12. nóvember 2008 og bar 5,18% vexti. Loks voru lagðar inn 7.000.000 breskra punda þann 16. september 2008 en sú fjárhæð átti að vera laus til greiðslu 18. mars 2009 og bar 6,20% vexti.

Íslenskt bankakerfi hrundi til grunna í október árið 2008. Þrjár stærstu viðskiptabankarnir stóðust ekki þá alþjóðlegu lausafjárkreppu sem skók efnahagskerfi heimsins. Eftir að fjármögnunarvandræði Glitnis banka hf. komust í háamæli í lok septembermánaðar lækkaði lánsþæfismat íslensku bankanna og íslenska ríkisins svo mikið að nánast allar bjargir voru þeim bannaðar á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Um leið hrundi gengi íslensku krónunnar.

Með yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, sem birt var á vef forsætisráðuneytisins þann 6. október 2008, var áréttað að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi yrðu tryggðar að fullu. Tekið var fram að með innstæðum væri átt við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda tæki til.

Með lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., sem samþykkt voru á Alþingi 6. október 2008 og fólu meðal annars í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, voru Fjármálaeftirlitinu (FME) meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði, sbr. 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008. Fjármálaeftirlitið gat því tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálafyrirtækis frá störfum og skipað skilanevnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta.

Hinn 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 að taka yfir vald hluthafafundar Landsbanka Íslands hf. og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum. Skipaði Fjármálaeftirlitið skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995 í samræmi við 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, var tilteknum eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf., ráðstafað til Nýja landsbanka Íslands hf., nú NBI hf., eins og nánar greinir í ákvörðuninni með síðari breytingum. Í 7. tl. ákvörðunar þessarar segir svo:

„Nýi Landsbanki Íslands hf. yfirtekur skuldbindingar í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum. Jafnframt yfirtekur Nýi Landsbanki Íslands hf. réttindi og skyldur samkvæmt afleiðusamningum.“

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 12. október 2008, var fyrrnefndri ákvörðun frá 9. október 2008 breytt, en þar með var 2. ml. 7. tl. ákvörðunarinnar er laut að afleiðusamningum felldur úr gildi.

Á fundi sínum 11. nóvember 2008 fjallaði stjórn Fjármálaeftirlitsins um það hvaða áhrif ákvarðanir eftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf., Glitnis Banka hf. og Kaupþings banka hf. hefðu á svokölluð peningamarkaðslán/innlán frá fjármálafyrirtækjum. Ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins á þessum fundi að áréttu að allar skuldbindingar vegna slíkra lána frá fjármálafyrirtækjum væru ekki fluttar til Nýja Glitnis banka hf., Nýja Kaupþings banka og NBI hf.

Með bréfi stefnanda til Fjármálaeftirlitsins, dags. 19. nóvember 2008, var óskað eftir því að fá skriflegar staðfestingar á því að stjórn FME hefði lagt til að skuldbindingar í tengslum við peningamarkaðsinnlán (money market deposits) yrðu ekki yfirteknar af nýju bönkunum. Í bréfinu voru tíunduð sérstaklega þau atriði sem stefnandi taldi vera til stuðnings því að lán þessi skyldu flutt yfir til nýju bankanna.

Í svarbréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. nóvember 2008, segir að í tilviki peningamarkaðsinnlána hafi verið ákveðið að flokka slíkar yfirfærslur sem

innstæður, nema í þeim tilvikum þar sem mótaðili bankans væri fjármálastofnun. Í þeim tilvikum væri litið á slíkar færslur sem lán frá fjármálafyrirtækjum sem skilin voru eftir í gömlu bönkunum. Í bréfinu var gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ákvörðunin var byggð á og raktir þeir þættir, sem taldir voru sérstaklega mikilvægir í því sambandi.

Stefnandi svaraði þessu bréfi 26. nóvember 2008 og ítrekaði sjónarmið sín.

Með bréfi Fjármálaeftirlitsins til stefnanda, dags. 3. desember 2008, var vísað til fyrra bréfs FME um túlkun ákvörðunarinnar og jafnframt tekið fram að málinu væri lokið af hálfu FME.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Aðild

Dómkröfum stefnanda í máli þessu er aðallega beint á hendur stefnda NBI hf., en til vara á hendur stefnda Fjármálaeftirlitinu og stefnda íslenska ríkinu. Sé þessi háttur hafður á í samræmi við heimild til þess í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 og er á því byggt af hálfu stefnanda að skilyrði varaaðildar sé uppfyllt í máli þessu enda megi rekja dómkröfur stefnanda á hendur aðalstefnda og varastefndu til sama atviks, aðstöðu eða löggernings.

Málsástæður fyrir dómkröfu á hendur aðalstefnda

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því að samkvæmt skýru orðalagi 7. tl. ákvörðunar varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, hafi aðalstefndi tekið við skuldbindingum Landsbanka Íslands hf. í útibúum bankans á Íslandi, meðal annars vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum og þar með talið innlánnum stefnanda. Enn fremur sé á því byggt að með 8. tl. ákvörðunarinnar hafi innlán stefnanda flust yfir til Nýja Landsbanka Íslands hf. (nú NBI hf.) frá og með kl. 9:00 þann 9. október 2008, sbr. 5. tl. ákvörðunarinnar og því sé aðild aðalstefnda að máli þessu ótvíræð.

Þessi ákvörðun varastefnda hafi verið í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, dags. 6. október 2008. Með þeirri yfirlýsingu hafi íslenska ríkið skuldbundið sig til að tryggja allar innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi. Ákvarðanir varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, hafi þannig í raun falið í sér framkvæmd þeirrar yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands að tryggja allar innstæður í viðskiptabönkunum þremur. Þessi ákvörðun varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, hafi, hvað innstæður snertir, ekki verið afturkölluð eða henni breytt ólíkt því sem við eigi um afleiðusamninga en fallið var formlega frá ákvörðun varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, um að flytja slíka samninga yfir til aðalstefnda þann 12. október 2008. Því hvíli ótvíræð skylda á aðalstefnda að greiða út innstæður stefnanda enda hafi þær innstæður sem mál þetta varðar átt að vera lausar til útborgunar þann 12. nóvember 2008 og 10. desember 2008.

Fyrirgreind yfirlýsing ríkisstjórnarinnar skilgreini innstæður sem allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðueildar Tryggingasjóðs taki til. Meðal annars til þess að ná framangreindu markmiði ríkisstjórnar Íslands um að tryggja innstæður í íslenskum bönkum hafi Alþingi samþykkt hinn 6. október 2008 lög nr. 125/2008 sem veittu fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimild til að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta. Á grundvelli fyrirgreindra laga birti varastefndi, Fjármálaeftirlitið, ákvörðun sína, en með henni sé ótvírætt kveðið á um það að skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. gagnvart stefnanda séu yfirteknar af stefnda og þær fluttar yfir til hans. Yfirlýsing þessi hafi verið áréttuð hinn 3. febrúar 2009 af hálfu ríkisstjórnar Íslands með enn afdráttarlausari hætti. Þar komi fram að markmiðum um að tryggja innstæður væri náð.

Ótvírætt sé að innlán stefnanda falli undir ákvörðun varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, þar sem stefnandi sé fjármálafyrirtæki og að um innlán er að ræða. Hafi ætlun ríkisstjórnar Íslands verið sú að undanskilja tiltekna tegund innstæðna frá tilteknum innstæðueigendum hefði það verið tekið fram í yfirlýsingunni. Slík undanþága eða þrenging á ábyrgð ríkisins sé hins vegar ekki gerð, heldur eingöngu gerður áskilnaður um að viðkomandi innstæða sé í innlendum banka og að trygging innstæðueildar Tryggingasjóðs innstæðueigenda taki til þeirra. Á sama hátt og í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands séu engar innstæður undanskildar í ákvörðun varastefnda, Fjármálaeftirlitsins. Þar séu ekki tilteknar tegundir innstæðna eða innstæður frá fjármálafyrirtækjum undanskildar. Þvert á móti sé sérstaklega tekið fram í ákvörðuninni að hún taki til innstæðna frá fjármálafyrirtækjum, svo fremi sem þau séu í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Íslandi. Innstæður stefnanda falli hér ótvírætt undir enda voru þær lagðar inn í banka á Íslandi.

Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem varastefndi íslenska ríkið hafi vísað til, feli í sér lögfestingu á efnisreglum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/19/EC. Í 1. grein tilskipunarinnar sé hugtakið innlán (e: Deposit) skilgreint með eftirfarandi hætti:

„any credit balance which results from funds left in an account or from temporary situations deriving from normal banking transactions and which a credit institution must repay under the legal and contractual conditions applicable, and any debt evidenced by a certificate issued by a credit institution.“

Í tilskipuninni sé kveðið á um heimild í 2. málsgrein 7. greinar, sbr. viðauka I, til að undanþiggja innstæður frá fjármálastofnunum vernd Tryggingasjóðs innstæðueigenda. Slíkt hafi verið gert víða í Evrópu við innleiðingu tilskipunarinnar. Þessi heimild til að undanþiggja innstæður frá fjármálastofnunum vernd samkvæmt tryggingakerfinu hafi hins vegar ekki verið nýtt við lögfestingu efnisatriða tilskipunarinnar í íslenskan rétt með lögum nr. 98/1999. Þar sé eingöngu gerð undanþága varðandi skuldabréf, víxla eða aðrar kröfur sem útgefnar séu af viðskiptabanka eða sparissjóði í formi verðbréfa, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 en ljóst sé að engin þessara undanþága eigi við um innstæðu stefnanda. Því séu ekki

rök fyrir þeirri niðurstöðu varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, að peningamarkaðsinnlán séu innstæður nema í þeim tilvikum sem þau komi frá fjármálafyrirtækjum. Engin lagastoð sé til slíkrar mismununar innstæðueigenda. Sú túlkun sé mun nærtækari að löggjafinn hafi ætlað innstæðum frá fjármálafyrirtækjum vernd fyrst þau voru á engan hátt útilokuð frá tryggingaverndinni sem þó hefði verið heimilt að gera samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins.

Beinlínis komi fram í skilgreiningu á innstæðu í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999, að um sé að ræða innstæðu, sem til sé komin „vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum.“

Þá segir einnig í frumvarpi til laga nr. 98/1999 í athugasemdum með 9. grein:

„Verðbréf teljast ekki til innstæðu samkvæmt þessari grein og er það í samræmi við innstæðutryggingatilskipunina sem heimilar aðildarríkjunum að undanþiggja tryggingunni ýmis innlán, sem og útgefin verðbréf.“

Ofangreind ummæli í athugasemdum með 9. grein frumvarpsins gefi það glöggt til kynna að ætlun löggjafans hafi verið að undanþiggja lán í formi verðbréfa frá tryggingunni en ekki „ýmis innlán“, þ.m.t. innlán frá fjármálafyrirtækjum.

Í ljósi framangreinds sé á því byggt af hálfu stefnanda að innstæður hans hjá aðalstefnda falli ótvírætt undir skilgreiningu 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999. Eðli málsins samkvæmt beri að túlka lagaákvæðið til samræmis við skilgreiningu tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/19/EC enda fól lagasetningin í sér innleiðingu tilskipunarinnar. Þessi skilningur stefnanda eigi sér meðal annars stoð í svari Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Stefnandi byggir á því að með ákvörðun varastefnda hafi innstæður stefnanda verið færðar yfir til aðalstefnda samkvæmt skýru orðalagi ákvörðunarinnar.

Rök varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, fyrir því að peningamarkaðsinnlánin séu ekki innlán fái ekki staðist.

Grundvallarmunur sé á hefðbundnum millibankalánum og þeim peningamarkaðsinnlánum sem hér um ræðir. Nær undantekningarlaust sé gengið frá millibankalánum milli tveggja eða fleiri banka með ítarlegum og undirrituðum lánasamningum sem yfirleitt séu til lengri tíma og telji tugi ef ekki hundruð blaðsíðna. Í slíkum samningum sé ítarlega kveðið á um tryggingar, vanefndaúrræði, skilyrði, forsendur, kvaðir og fleiri atriði. Almennt séu peningamarkaðsinnlán hins vegar eingöngu staðfest með svokallaðri SWIFT kvittun (Society for Worldwide Interbank Financial Telecommunications) sem sé í samræmi við almennar viðskiptavenjur banka um heim allan. Peningamarkaðsinnlán séu almennt veitt án veða eða trygginga annarra en gjaldfærni viðkomandi bankastofnana. Þannig fáist sú framsetning varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, að enginn eðlismunur sé á peningamarkaðsinnlánum stefnanda og millibankalánum ekki staðist. Peningamarkaðsinnlán séu nauðsynlegur hluti af bankakerfi heimsins og bankar treysti á að farið sé með slíka gerninga sem innlán. Á þann hátt beri að meðhöndla

slíka gerninga samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðum (IAS og IFRS) sbr. bréf PriceWaterhouseCoopers á Spáni til stefnanda, dags. 5. janúar 2009.

Þeir gerningar sem hér um ræðir hafi verið innlán með einungis þriggja til rúmlega sex mánaða binditíma sem afgreidd hafi verið án nokkurra undirritaðra samninga. Falli þeir því algerlega að hugtaksatriðum skilgreiningar Seðlabanka Íslands á innlánnum sem fram koma í reglum nr. 373/2008 um bindiskyldu. Af hálfu stefnanda og Landsbanka Íslands hf. hafi verið gengið frá samkomulagi um peningamarkaðsinnlánin með fjarskiptabúnaði, þ.e. svo kölluðu point-to-point kerfi, og millifærslurnar síðar staðfestar með einföldum SWIFT kvittunum. Hvergi í þeim gögnum sem búi að baki þessum millifærslum sé kveðið á um þau atriði sem almennt einkenna hefðbundin millibankalán og engin framseljanleg skuldaskjöl hafi verið gefin út í tengslum við viðskiptin.

Staðhæfingar varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, um að það leiði til þess að flokka beri þessa gerninga sem lán, að millifærslurnar séu þáttur í hefðbundinni starfsemi stefnanda sem viðskiptabanka stangist beinlínis á við skilgreiningu 3. mgr. 9. gr. laga nr. 98/1999 á innstæðu sem að framan sé rakin.

Landsbanka Íslands hf. hafi borið skylda til að færa þessa gerninga til bókar sem innlán samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-International Financial Reporting Standards). Stefnandi geti ekki borið ábyrgð á færslu bókhalds Landsbanka Íslands hf. né heldur borið hallann af hugsanlegum rangfærslum í bókhaldinu. Hvorki aðal- né varastefndu geti unnið rétt gagnvart stefnanda vegna slíkra mistaka í færslu bókhalds. Staðhæfingar varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, í þessum efnum eigi því hvorki við nokkur rök að styðjast né séu þær í samræmi við markaðsvenjur.

Á því sé byggt að tryggingavernd Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta nái til peningamarkaðsinnlána stefnanda enda fullnægi þau innlán hugtaksskilyrðum laganna, eins og staðfest hafi verið af hálfu sjóðsins. Sú skylda hvíli á aðildarfyrirtækjum, meðal annars Landsbanka Íslands hf., að greiða til sjóðsins upphæð sem samsvari tilteknu hlutfalli innstæðna viðkomandi aðildarfyrirtækis. Það breyti ekki eðli innlánanna þó að Landsbanki Íslands hf. hafi hugsanlega látið undir höfuð leggjast að fullnægja skyldum sínum að þessu leyti. Það sé að auki lögbundið hlutverk varastefnda, Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 98/1999 að hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins og tryggja að starfsemi hans sem og greiðslur aðildarfyrirtækja fari fram í samræmi við lög að viðlögðum starfsleyfismissi, sbr. meðal annars 8. gr. laga nr. 98/1999. Aðalstefndi geti ekki unnið rétt í máli þessu vegna vanrækslu varastefnda að þessu leyti. Ótækt sé að stefnandi beri hallann af aðgerðarleysi varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, og sjóðsins vegna vanefnda Landsbanka Íslands hf. á greiðslum af þessari tegund innlána til sjóðsins.

Stefnandi byggir loks á því að mismunandi rafræn meðferð Landsbanka Íslands hf. á eins innlánnum stefnanda annars vegar og innlendra fjármálaefyrirtækja og seðlabanka hins vegar geti ekki leitt til þess að innstæður stefnanda geti ekki talist innlán í skilningi ákvörðunar varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, og laga. Slíkt feli í sér ólögmeta mismunun sem þar að auki byggir á atvikum sem stefnandi geti ekki haft nein áhrif á. Slík rafræn meðferð breyti ekki eðli hinna undirliggjandi viðskipta sem innlána. Það geti ekki ráðið úrslitum í þessum efnum hvort upphæðirnar sem millifærðar eru séu færðar á tiltekna tegund reiknings, t.d. á reikninga sem skráðir

séu hjá Reiknistofu bankanna.

Málsástæður fyrir dómkröfu stefnanda á hendur varastefndu

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda sé byggt á því að með því að hafa komið í veg fyrir að innstæður stefnanda yrðu greiddar út séu nægjanlegar líkur leiddar að því að varastefndu, Fjármálaeftirlitið og íslenska ríkið, hafi valdið stefnanda fjártjóni þótt umfang þess liggi ekki enn ljóst fyrir þar sem bú Landsbanka Íslands hf. hafi ekki enn verið gert upp. Krafist sé viðurkenningar á skaðabótaskyldu varastefndu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Á því sé byggt að varastefnda, Fjármálaeftirlitinu sé réttilega stefnt í máli þessu, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991, þar sem hann hafi sjálfstætt aðildarhæfi, sbr. meðal annars II. kafla laga nr. 87/1998 sem og dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands. Varastefndi, Fjármálaeftirlitið, beri skaðabótaábyrgð á fyrirsjáanlegu tjóni stefnanda á grundvelli sakarreglunnar enda hafi varastefndi valdið tjóni sem stefnandi muni fyrirsjáanlega verða fyrir með saknæmum og ólögmætum hætti. Varastefnda, íslenska ríkinu, sé stefnt til viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna húsbóndaábyrgðar á verkum varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, og vegna saknæms tjóns sem hafi hlotist af því að íslenska ríkið hafi ekki staðið við eigin ábyrgðaryfirlýsingar. Ljóst sé að stefnandi hafi þegar orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af þessum sökum og þá hafi orðspor stefnanda að sama skapi skaðast.

Stefnandi byggir á því að varastefndu hafi valdið saknæmu tjóni með því að hafa komið í veg fyrir að innstæður stefnanda yrðu færðar til aðalstefnda, sé sú raunin. Teljist það upplýst að innstæður stefnanda hafi færst yfir til aðalstefnda en varastefndi, Fjármálaeftirlitið, komið í veg fyrir útborgun þeirra með bréfi sínu, dags. 11. nóvember 2008 leiði það á sama hátt til bótaskyldu varastefndu enda slíkt til þess fallið að valda saknæmu tjóni. Háttsemi varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, hafi leitt til þess að stefnandi hafi ekki fengið innstæður sínar greiddar þrátt fyrir ótvíræðan rétt til þess.

Varastefndu hafi borið að sjá til þess að allar, en ekki aðeins útvaldar, innstæður í innlendum bönkum og útibúum þeirra á Íslandi yrðu færðar yfir til aðalstefnda og þar með lausar til útgreiðslu á greiðsludögum. Varastefndu séu þannig bótaskyldir vegna þess tjóns sem röng túlkun og röng framkvæmd varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, á yfirlýsingum ríkisstjórnar Íslands, lögum nr. 98/1999 og á eigin ákvörðun frá 9. október 2008 hafi haft og muni hafa í för með sér fyrir stefnanda.

Í þessu sambandi skipti ekki máli hvort talið sé að upphafleg ákvörðun varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, frá 9. október 2008, hafi falið í sér að peningamarkaðsinnlán stefnanda hafi átt að verða um kyrrt í Landsbanka Íslands hf. og að bréf hans frá 11. nóvember 2008 hafi raunverulega falið í sér ítrekun á þessu eða hvort peningamarkaðsinnlán hafi á síðari stigum verði flokkuð af hálfu varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, sem hefðbundið lán sem leitt hafi til þess að þau yrðu ekki greidd út. Í hvorugu tilvikinu sé framkvæmd varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við ábyrgðaryfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands, en sú fyrri hafi verið útfærð í lögum nr. 125/2008. Hvort sem er feli í sér ólögmæta mismunun sem varðar

varastefndu skaðabótaskyldu.

Framsetning varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, eigi sér enga skírskotun til ábyrgðaryfirlýsinga ríkisstjórnar Íslands eða ákvörðunar varastefnda sjálfs frá 9. október 2008. Í þessum yfirlýsingum sé ekki að finna neina tilvísun eða vísbendingu um þann skilning sem fram komi í bréfi varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, dags. 11. nóvember 2008, varðandi undantekningu þegar komi að innlánum frá fjármálafyrirtækjum. Sú yfirlýsing varastefnda og eftirfarandi framkvæmd hans hafi falið í sér ólögmdæta mismunun sem baki varastefndu skaðabótaskyldu.

Bréfið sem varastefndi, Fjármálaeftirlitið, hafi sent nýju bönkunum þann 11. nóvember 2008, sé dagsett einum degi áður en fyrstu peningamarkaðsinnlán stefnanda hafi átt að vera laus til útborgunar. Í því kveðst þessi varastefndi vera að ítreka fyrri ákvörðun sína um að peningamarkaðsinnlán frá fjármálafyrirtækjum væru ekki færð til nýju bankanna og hafi jafnframt fyrirskipað endurskoðendunum sem báru ábyrgð á að útbúa stofnefnahagsreikning aðalstefnda, skilaneftundum gömlu bankanna og stjórnnum þeirra, að líta á peningamarkaðsinnlán sem „lán“. Ábyrgð varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, á þessum gjörningi, að undanskilja innlán stefnanda, sé því ótvíræð.

Flokkun sú sem varastefndi, Fjármálaeftirlitið, hafi viðhaft á peningamarkaðsinnlánum stefnanda, að flokka þau sem hvert annað millibankalán, eigi ekki við nein haldbær rök að styðjast. Varastefndi, Fjármálaeftirlitið, sem eftirlitsaðili með fjármálafyrirtækjum, þar með talið viðskiptabönkunum samkvæmt lögum nr. 161/2002, sé það stjórnvald sem beri skylda til að rannsaka og greina réttilega hvað teljist innstæður í skilningi laga. Sú greining hafi misfarist hjá varastefnda með bótaskyldum hætti sem þannig hafi brugðist hlutverki sínu samkvæmt rannsóknarreglu stjórnsýsluréttar.

Varastefndu sé skylt að fylgja viðteknum reglum á sviði framkvæmdar opinberrar stjórnsýslu þótt aðstæður haustið 2008 hafi leitt til þess að þörf hafi verið á að undanskilja ákvarðanir þeirra málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ljóst sé að þær ákvarðanir sem teknar voru í október og nóvember af varastefnda, Fjármálaeftirlitinu, varð að taka með hraði. Hitt blasir við að á varastefnda, Fjármálaeftirlitinu, hvíli skylda til að rannsaka með viðhlítandi hætti og meta hvað teljist innstæða í skilningi laga nr. 98/1999 enda sérstaklega skilgreint lögbundið hlutverk varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, að hafa eftirlit með réttri framkvæmd þeirra laga. Þetta virðist varastefndi, Fjármálaeftirlitið, ekki hafa gert. Varastefndi, Fjármálaeftirlitið, hafi þó haft allar forsendur til þess að taka sérstaklega fram í ákvörðun sinni, dags. 9. október 2008, að ekki væri ætlunin að flytja yfir tilteknar innstæður frá fjármálafyrirtækjum. Það hafi ekki verið gert, heldur tekið sérstaklega fram að aðalstefndi yfirtaki skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum. Ekkert í þeirri ákvörðun renni stoðum undir síðari túlkun og eftir á skýringar og „ítrekanir“ varastefnda sem fram koma í yfirlýsingu frá 11. nóvember 2008 þess efnis að tilteknar tegundir innstæðna fjármálafyrirtækja ættu ekki að flytjast yfir á grundvelli ákvörðunarinnar, dags. 9. október 2008.

Á tímabilinu frá 9. október 2008 til 11. nóvember 2008 virðist sem innstæður ýmissa aðila á Íslandi, einstaklinga, fyrirtækja, seðlabanka og annarra fjármálastofnana, þar á meðal peningamarkaðsinnlán, hafi verið færðar yfir til nýju

bankanna. Í mörgum tilvikum hafi lögskiptin að baki slíkum innstæðum verið þau sömu og hjá stefnanda, þ.e. innlögn peninga án undirritaðs lánasamnings, sem bundin hafi verið til skamms tíma gegn endurgreiðslu að þeim tíma liðnum með tilteknum vöxtum. Það að innstæður stefnanda hafi fyrst verið lausar til útborgunar 12. nóvember feli ekki í sér viðmið sem varastefndi, Fjármálaeftirlitið, geti byggt rétt á. Stefnandi hafi átt lögvarinn rétt á því að njóta sömu réttinda og aðrir innstæðueigendur sem falla að hugtaksskilyrðum laga nr. 98/1999. Gegn því hafi varastefndi Fjármálaeftirlitið brotið.

Ótvírætt sé að mati stefnanda að sá mismunur sem gerður sé á innstæðum stefnanda og fullkomlega sambærilegum innstæðum innlendra fjármálastofnana og seðlabanka, sbr. meðal annars röksemdir varastefnda í bréfi, dags. 21. nóvember 2008, feli í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga sem og grundvallarreglu 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, um jafnræði. Samkvæmt 65. gr. skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Þá feli umrædd mismunur að mati stefnanda einnig í sér brot á 14. grein mannréttinasáttmála Evrópu, sem lögfestur var á Íslandi með lögum nr. 62/1994.

Það feli einnig í sér brot gegn jafnræðisreglum stjórnskipunarréttar og stjórnarsýsluréttar, að mati stefnanda, að mismuna innstæðueigendum meðal annars á þeim grundvelli að innstæður þeirra hafi hlotið mismunandi rafræna meðferð meðal annars með því að innstæður innlendra aðila hafi verið lagðar á reikninga sem skráðir séu hjá Reiknistofu bankanna en erlendar innlagnir hafi hlotið aðra rafræna meðferð innan bankans. Á slíkri ólögmætri mismunun beri varastefndu ótvíræða skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem af þess háttar háttsemi hljóttist.

Að sama skapi brjóti það gegn þessum grundvallarréttindum að mismuna aðilum, sem séu í sömu aðstöðu og hafi gert fullkomlega sambærilega gerninga, eftir því hvaða starfsemi þeir hafi með höndum nema sérstök heimild sé til þess í lögum er byggist á málefnalegum sjónarmiðum. Sú órökstudda staðhæfing varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, að peningamarkaðsinnlán séu innlán, nema þegar gagnaðili viðkomandi banka sé fjármálafyrirtæki, eigi sér enga lagastoð og feli í sér saknæma og ólögmæta mismunun.

Sú ranga og ólögmæta framkvæmd varastefnda á eigin ákvörðun sem og ábyrgðaryfirlýsingum ríkisstjórnar Íslands sem að framan sé lýst, hafi valdið stefnanda tjóni sem varastefndi, Fjármálaeftirlitið, beri ábyrgð á, á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar. Ekki þurfi að velkjast í vafa um að orsakatengsl séu á milli hinna ólögmætu aðgerða varastefnda og þeirra afleiðinga að stefnandi geti ekki sótt innstæður sínar til aðalstefnda eins og aðrir innstæðueigendur hjá aðalstefnda.

Sérstaklega sé á því byggt af hálfu stefnanda að varastefndi, íslenska ríkið, beri fulla ábyrgð á athöfnum og athafnaleyfi Fjármálaeftirlitsins og starfsmanna þess á grundvelli reglu skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð. Yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008 og 3. febrúar 2009 kveði á um ábyrgð ríkisins á innstæðum í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum. Varastefndi, íslenska ríkið, beri skaðabótaábyrgð á því að varastefndi, Fjármálaeftirlitið, hafi ekki hrint þessari ákvörðun réttilega í framkvæmd.

Á því sé jafnframt byggt að íslenska ríkið hafi gefið út ábyrgðaryfirlýsingu um að tryggja allar innstæður í bönkum á Íslandi sem nytu verndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 og að lög nr. 125/2008 hafi meðal annars verið sett til að veita lagaheimild fyrir úrræðum til að ná framangreindu markmiði. Á grundvelli þessarar ábyrgðar sé íslenska ríkið ábyrgt fyrir tjóni sem innstæðueigendur í bönkum á Íslandi hljóti óháð athöfnum eða athafnaleysi varastefnda, Fjármálaeftirlitsins.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til laga nr. 161/2002, laga nr. 98/1999, sbr. tilskipun Evrópusambandsins nr. 94/19/EC, laga nr. 125/2008, stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, laga nr. 62/1994 um lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. sérstaklega 14. grein viðauka 1 við lögin, meginreglna kröfuréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga, reglna stjórnarsýsluréttar, sérstaklega rannsóknarreglunnar og jafnræðisreglunnar samanber stjórnarsýslulög nr. 37/1993.

Krafan um málskostnað að skaðlausu byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggir á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og sé stefnanda því nauðsynlegt að fá virðisaukaskatt dæmdan úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök aðalstefnda NBI hf.

Af hálfu aðalstefnda er tekið fram um málsatvik að 7. október 2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun á grundvelli 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 að taka yfir vald hluthafafundar Landsbanka Íslands hf. og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum. Skipaði Fjármálaeftirlitið skilanevnd sem tók við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995 í samræmi við 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, hafi Nýi Landsbanki Íslands hf., nú NBI hf., aðalstefndi í máli þessu, verið stofnaður og til hans ráðstafað eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf., eins og nánar greinir í ákvörðuninni með síðari breytingum. Aðalstefndi mótmælir þeirri meginmálsástæðu stefnanda að peningamarkaðslán hans í Landsbanka Íslands hf. hafi flust yfir til aðalstefnda frá og með 9. október 2008 samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 9. október 2009.

Á fundi sínum, dags. 11. nóvember 2008, hafi stjórn Fjármálaeftirlitsins, í kjölfar ábendinga, fjallað um það hvaða áhrif ákvarðanir eftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf., Glitnis Banka hf. og Kaupþings banka hf. hefðu á svokölluð peningamarkaðslán/innlán frá fjármálafyrirtækjum. Ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins á þessum fundi að áréttu að allar skuldbindingar vegna slíkra lána frá fjármálafyrirtækjum væru ekki fluttar til Nýja Glitnis banka hf., Nýja Kaupþings banka og NBI hf. Þessi áréttun hafi verið tilkynnt skilanevnd Landsbanka Íslands hf. með bréfi samdægurs.

Fjármálaeftirlitið hafi ekki breytt þessari afstöðu sinni og hafi peningamarkaðslán stefnanda í Landsbanka Íslands hf. sem vísað sé til í stefnu og í

skrá yfir innstæður stefnanda í íslenskum bönkum aldrei verið flutt yfir í NBI hf. Það sé því ekki á hans færi að efna þær skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. gagnvart stefnanda sem vísað sé til og séu grundvöllur máls þessa. Þessu til stuðnings vísar aðalstefndi til yfirlýsingar skilanefndar Landsbanka Íslands hf., dags. 5. maí 2009, þar sem fram komi að peningamarkaðslán stefnanda séu skráð í bókum Landsbanka Íslands hf. og hafi aldrei verið flutt til aðalstefnda.

Sýknukrafa aðalstefnda byggir aðallega á því að dómkröfu stefnanda sé ranglega beint að aðalstefnda. Þær skuldbindingar sem dómkrafa stefnanda byggir á hafi ekki verið fluttar frá Landsbanka Íslands hf. til aðalstefnda samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun á eignum og skuldum Landsbanka Íslands hf. og sérstakri áréttingu stjórnar Fjármálaeftirlitsins þar að lútandi, dags. 11. nóvember. Sé aðalstefndi því ekki sá aðili sem beri þá skyldu við stefnanda sem sé grundvöllur máls þessa. Beri af þessari ástæðu að sýkna aðalstefnda af öllum dómkröfum stefnanda vegna aðildarskorts með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa aðalstefnda um málskostnað byggir á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Aðalstefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefnanda.

Málsástæður og lagarök varastefndu, Fjármálaeftirlitsins og íslenska ríkisins

Varastefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Krafa stefnanda á hendur varastefnda, Fjármálaeftirlitinu, virðist byggja á því að ef niðurstaða dómsins verði sú að kröfur stefnanda hafi ekki flust til NBI hf. með títtnefndum ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins, beri eftirlitið skaðabótaábyrgð á því á grundvelli sakarreglunnar. Stefnandi rökstyður þá ábyrgð í meginatriðum með fjórum málsástæðum sem nánar sé vikið að hér á eftir, hverri fyrir sig. Málsástæður sínar um ábyrgð íslenska ríkisins byggja stefnandi á reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð.

Ekkert hald sé í þessum málsástæðum stefnanda og skilyrði fyrir skaðabótaskyldu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt reglum skaðabótaréttar fráleitt uppfyllt. Meginatriði málsins sé að með lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitinu verið veittar víðtækar heimildir til að grípa inn í rekstur fjármála fyrirtækja í vanda. Samkvæmt 3. og 5. mgr. 5. gr. þeirra laga (sem varð að gr. 100. a. í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002) sé gert ráð fyrir því að eftirlitið geti við þessar aðstæður ráðstafað eignum og skuldbindingum fjármálafyrirtækja. Ekki sé um það deilt að heimilt var samkvæmt áðurnefndum lagaákvæðum að ráðstafa tilteknum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands hf., enda var hann kominn í greiðsluþrot. Ekki hafi verið sýnt fram á neins konar orsakasamband á milli ákvarðana Fjármálaeftirlitsins og þess tjóns sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna greiðsluþrots Landsbankans.

Fjármálaeftirlitið hafi beitt heimildum laganna í því skyni að vernda mikilvæga kerfislega hagsmuni á ögurstundu og hafi flutt innlán í íslenskum útibúum bankanna og það sem tengdist þeim rekstri til nýs lögaðila. Stefnandi hafi hins vegar gert samning við Landsbanka Íslands hf. um lánveitingu og eigi væntanlega kröfu á hendur bankanum vegna þess. Hann geti undir slitameðferð bankans, sem nú þegar sé hafin á grundvelli laga nr. 44/2009, fengið skorið úr því hvort krafa hans njóti forgangsréttar við skiptin á grundvelli 6. gr. laga nr. 125/2008.

Ekkert réttarsamband sé því á milli stefnanda og varastefndu, hvorki á grundvelli samnings né nokkurs konar skaðabótaskyldrar athafnar varastefndu gagnvart stefnanda.

1) *Meint hindrun greiðslna til stefnanda.*

Kröfur stefnanda hafi ekki verið færðar til aðalstefnda með skuldaraskiptum. Enginn vafi sé á því að í þeim efnahagsreikningi sem sé hluti af ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og framkvæmdar hennar sé ekki gert ráð fyrir því að kröfur vegna peningamarkaðsviðskipta flytjist yfir til aðalstefnda. Eins og fram komi í bréfi frá 11. nóvember 2008 hafi Fjármálaeftirlitið áréttað þetta við endurskoðendur og skilanefndir sem sáu um framkvæmd ákvarðana eftirlitsins í samræmi við 5. gr. laga nr. 125/2008 en spurningar um þetta höfðu risið hjá starfsmönnum bankanna. Ítarlegustu útfærsluna á hinni eiginlegu yfirfærslu sé að finna í bráðabirgðaeftirreikningi og samantekt með honum þar sem gerð sé nánari grein fyrir einstökum liðum. Samkvæmt honum hafi krafa stefnanda alls ekki verið flutt yfir til aðalstefnda og Fjármálaeftirlitið því ekki komið í veg fyrir greiðslu kröfunnar. Meginmálsástæða stefnanda eigi sér því ekki stoð í staðreyndum málsins.

2) *Fjármálaeftirlitið átti að sjá til þess að allar innstæður samkvæmt skilgreiningu stefnanda á því hugtaki, flyttust til aðalstefnda.*

Engin slík lagaskylda hafi hvílt á Fjármálaeftirlitinu og auk þess telji eftirlitið að Landsbanki Íslands hf. hafi tekið lán hjá stefnanda sem sé lánastofnun. Viðskipti stefnanda og Landsbankans séu alls eðlisólík innlánnum í hefðbundinni bankastarfsemi. Fjármögnun á peningamarkaði eigi lítið ef nokkuð hliðstætt með innlánnum viðskiptamanna bankanna. Það sjáist greinilega á þeim samningum sem stefnandi og Landsbanki Íslands hafi gert með sér að litið var á gerningana sem lánveitingu. Í samningum stefnanda við Landsbanka Íslands hf. virðist vera kveðið á um að lánsfjárhæðin verði greidd til *þriðja aðila* – Fortis banka í Brussel – sem sýni best að gerningar stefnanda eigi ekkert skylt við innlán í hefðbundinni bankastarfsemi. Landsbanki Íslands hf. hafi hagað *greiðslu iðgjalds* til Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sem um lánstöku væri að ræða, eins og gögn málsins beri með sér. Heildarskuldir Landsbankans í formi millibankalána hafi verið um 190 milljarðar í árslok 2007 og séu öll lán á borð við það sem stefnandi veitti færð þar undir í bókum bankans. Innlán séu færð undir öðrum liðum

og megi þar glögg sjá að litið sé á umrædd viðskipti sem lántöku. Framkvæmd ákvarðana FME sé í samræmi við það.

Meginatriðið sé þó hér að stefnandi bendi ekki á neinar lagaheimildir eða efnisreglur sem geti skapað skyldu hjá Fjármálaeftirlitinu og því síður skaðabótaábyrgð vegna þess að þær skyldur hafi ekki verið uppfylltar. Stefnandi sé óánægður með niðurstöður Fjármálaeftirlitsins og finnist þær ósanngjarnar. Það geti aldrei eitt sér bakað hinu opinbera skaðabótaskyldu. Við það bætist að staða stefnanda hafi ekki verið gerð verri en hún var áður með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Hann hafi ekki verið sviptur neinum réttindum og geti þess vegna fráleitt krafist skaðabóta fyrir að verða ekki betur settur en hann sé. Í þá stöðu hafi stefnandi komið sér sjálfur með samningi við Landsbanka Íslands hf.

3) *Meint röng túlkun varastefnda, Fjármálaeftirlitsins, á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 og eigin ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2009.*

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands sé ekki þáttur í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og túlkun á réttaráhrifum yfirlýsingarinnar sé óviðkomandi þeirri ákvörðun sem Fjármálaeftirlitið tók á sínum tíma um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. Sú ákvörðun hafi byggt á sjálfstæðu mati á aðstæðum á grundvelli laga nr. 125/2008. Nánari framkvæmd á ákvörðun eftirlitsins hafi farið fram í samræmi við tilgang hennar sem áður hafi verið ítarlega lýst.

4) *Meint brot gegn jafnræðisreglu, rannsóknarreglu og reglunni um málefnalegar forsendur.*

Varastefndi, Fjármálaeftirlitið, hafi ekki brotið gegn jafnræðisreglu með ákvörðunum sínum og framkvæmd þeirra. Það sé beinlínis rangt sem haldið sé fram í stefnu að mismunur hafi verið gerður á innstæðum stefnanda og fullkomlega sambærilegum innstæðum *innlendra* fjármálastofnana og seðlabanka. Engar kröfur sem tengdust viðskiptum við lánastofnanir á peningamarkaði, hvort sem um var að ræða innlenda eða erlenda aðila, hafi flust yfir til aðalstefnda. Íslenskar fjármálastofnanir séu í nákvæmlega sömu stöðu og stefnandi að þessu leyti en þó sé staða hinna íslensku aðila hugsanlega verri vegna aðildar þeirra að Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta.

Stefnandi haldi því jafnframt fram að mismunun hafi átt sér stað vegna mismunandi *rafrænnar meðferðar* innlagna og geri sér það í hugarlund að innstæður innlendra aðila hafi verið lagðar á reikninga hjá Reiknistofu bankanna en erlendar innlagnir hafi hlotið aðra rafræna meðferð „innan bankans“. Þetta sé rangt. Engin viðskipti á peningamarkaði fari inn í kerfi Reiknistofu bankanna og breyti þjóðerni viðsemjandans engu. Ef erlendar lánastofnanir hafi átt fé inni á bankareikningum Landsbanka Íslands, sparireikningum, veltureikningum eða svokölluðum vostro-reikningum, fluttust allar slíkar innstæður til aðalstefnda. Aðdróttanir um mismunun á grundvelli þjóðernis séu því tilhæfulausar.

Þá byggir stefnandi á því að ólögmet mismunun hafi átt sér stað vegna þess að gert sé upp á milli aðila á grundvelli þess hvaða *atvinnustarfssemi* þeir stundi, þ.e. lánastofnanir njóti annarrar og verri stöðu en aðrir sem lögðu bönkunum til fé. Hér sé ekki um brot gegn jafnræðisreglu að ræða. Viðskipti á millibankamarkaði séu alls eðlisólík innstæðum annarra viðskiptamanna bankanna hjá þeim. Um sé að ræða þátt í aðalstarfsemi viðkomandi stofnana en ekki vörslu á rekstrar- eða sparifé þeirra. Það hefði þvert á móti brotið gegn jafnræði ef stefnanda hefði verið veitt betri aðstaða en öðrum fjármálastofnunum sem lánuðu Landsbanka Íslands peninga. Aðstaða stefnanda og þeirra stofnana sé miklu sambærilegri en þær aðstæður sem stefnandi beri saman í því skyni að rökstyðja brot gegn jafnræðisreglu.

Ákvarðanir Fjármáleftirlitsins hafi byggt á ríkum *málefnalegum* forsendum sem stefnandi hafi ekki hrakið með neinum efnislegum rökum. Fjármálaeftirlitið hafi kannað sérstaklega stöðu þeirra gerninga sem um ræðir í þessu máli, m.a. hvernig hefði verið háttáð færslum í bækur og ársreikninga bankanna, hvort greitt hefði verið af þeim iðgjald í tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta svo og það form sem haft var á viðskiptunum, eins og framlögð gögn beri með sér. Niðurstaða eftirlitsins hafi verið sú að kröfur fjármálafyrirtækja af þessum toga ættu ekki að flytjast til aðalstefnda. Því mati hafi ekki verið hnekk. Eins og fram komi í ákvæðum 8. mgr. 5. gr. laga nr. 125/2008 gildi ákvæði IV.-VII. kafla stjórnarsýslulaga ekki um málsmeðferð og ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins í þessu máli. Lagareglan helgist af þeirri brýnu þörf sem hafi verið á skjótum úrlausnum og því hafi ekki verið lagaskylda til ítarlegs rökstuðnings fyrir þeim ákvörðunum sem um ræðir auk þess sem takmarkanir á heimildum til að breyta ákvörðunum giltu ekki.

Að mati varastefndu sé fráleitt að fyrir hendi sé einhvers konar sakarábyrgð, þ.e. starfsmenn hafi sýnt af sér gáleysi eða ásetning með því að ákveða ekki að réttur stefnanda yrði gerður betri en hann var þegar Landsbankinn komst í greiðsluþrot. Engri lagareglu sé fyrir að fara sem skyldar Fjármálaeftirlitið til þess að flytja einstakar skuldbindingar bankanna yfir til annarra lögaðila. Vegna fjármálastöðugleikasjónarmiða og almannaheilla borgara landsins hafi hins vegar verið nauðsynlegt að flytja hefðbundin innlán (smásöluinnlán). Þess megi geta að með nákvæmlega sama hætti hafi innlán í breska bankanum Bradford & Bingley, sem kominn var í rekstrarþrot, flutt yfir til Abbey National bankans þann 29. september 2008. Kröfur vegna viðskipta á peningamarkaði voru þar skildar eftir.

Í lok málsástæðukafla í stefnu sé vikið að því að íslenska ríkið beri beina skaðabótaábyrgð vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 og að lög nr. 125/2008 hafi verið sett „til að veita lagaheimild fyrir úrræðum til að ná framangreindu markmiði“. Af því sé svo dregin sú ályktun að íslenska ríkið sé ábyrgt fyrir tjóni sem innstæðueigendur í bönkum á Íslandi hljóti „óháð athöfnum eða athafnaleysi ... Fjármálaeftirlitsins“. Þessi málsástæða sé haldlaus. Krafa um viðurkenningu á skaðabótaskyldu geti ekki byggt á því sem stefnandi telur vera ábyrgðaryfirlýsingu. Skaðabótaskylda geti eingöngu byggt á saknæmri athöfn eða athafnaleysi í beinu orsakasambandi við tjón. Röksemdafærsla stefnanda gangi því engan veginn upp enda sé ekki bent á neina athöfn eða athafnaleysi íslenska ríkisins sem gæti talist saknæm í skilningi reglna skaðabótaréttarins.

Dómur geti ekki gengið um viðurkenningu á skaðabótaskyldu varastefnda fyrir en ljóst verði hvort stefnandi verði fyrir einhverju tjóni af viðskiptum sínum við Landsbanka Íslands. Hann haldi því sjálfur fram að krafa hans sé forgangskrafa samkvæmt 6. gr. laga nr. 125/2008, sbr. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Allt tjón sem leiði af því að hann lýsir ekki þeirri kröfu við slitameðferð bankans verður á hans eigin ábyrgð og áhættu.

Varastefndi byggir jafnframt á því að stefnandi hafi tekið á sig áhættu af viðskiptum við Landsbanka Íslands hf. sem hann verði sjálfur að bera. Stefnandi sé sérfræðingur á þeim markaði sem um ræðir en virðist hafa haldið áfram að lána Landsbanka Íslands fé fram á síðustu daga bankans án trygginga og aðgæslu í skjálagerð. Á því geti Fjármálaeftirlitið ekki borið ábyrgð og í því sambandi sé vísað til reglna skaðabótaréttar um áhættutöku og eigin sök.

Um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að taka þær ákvarðanir sem um ræðir sé vísað til 5. gr. laga nr. 125/2008. Krafa um málskostnað sé studd við 129.-131. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Stefnandi byggir aðalkröfu sína í málinu á því að svonefnd peningamarkaðsinnlán að fjárhæð 30.000.000 evra sem hann lagði inn hjá Landsbanka Íslands hf. í tveimur áföngum árið 2008 hafi verið flutt eða átt að flytjast yfir í Nýja Landsbanka Íslands hf., nú NBI hf., eftir hrun íslensku bankanna í október 2008. Því hafi fjármunirnir, sem stefnandi byggir á að séu innstæður en ekki lán, átt að vera lausir til útborgunar þann 12. nóvember 2008 og 10. desember 2008.

Stefnandi byggir kröfur sínar að þessu leyti á hendur aðalstefnda á því að það felist í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. á grundvelli 100. gr. a. laga nr. 161/2002, þar sem tekið var fram í 7. tl. að Nýi Landsbanki Íslands yfirtaki skuldbindingar í útibúum, Landsbanka Íslands hf. á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum. Enn fremur er á því byggt að samkvæmt 8. tl. ákvörðunarinnar hafi innlán stefnanda flust yfir til Nýja Landsbanka Íslands hf. (nú NBI hf.) frá og með kl. 9:00 þann 9. október 2008.

Málsástæður stefnanda að þessu leyti eru einnig þær að fyrrnefnd ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hafi verið í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 6. október 2008, þar sem áréttað var að innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi yrðu tryggðar að fullu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er tekið fram að með innstæðum sé átt við allar innstæður almennra sparifjáreigenda og fyrirtækja sem trygging innstæðudeildar Tryggingasjóðs tekur til. Stefnandi heldur því fram að íslenska ríkið beri ábyrgð á því að Fjármálaeftirlitið hafi ekki hrint þessari ákvörðun réttilega í framkvæmd og enn fremur beri íslenska ríkið ábyrgð á grundvelli yfirlýsingarinnar á tjóni sem innstæðueigendur í bönkum á Íslandi hafi hlotið óháð athöfnum eða athafnaleysi varastefnda, Fjármálaeftirlitsins.

Við úrlausn þessa ágreinings reynir á skýringu hugtaksins innstæða samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta en hugtakið er skilgreint í 3. mgr. 9. gr. laganna. Þar segir að með innstæðu sé átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Lög nr. 98/1999 voru sett til að lögfesta efnisreglur tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/19/EC. Í 1. grein tilskipunarinnar er hugtakið innlán (e: Deposit) skilgreint með eftirfarandi hætti: „any credit balance which results from funds left in an account or from temporary situations deriving from normal banking transactions and which a credit institution must repay under the legal and contractual conditions applicable, and any debt evidenced by a certificate issued by a credit institution.“ Í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda: „þá merkir hugtakið „innlán“ hvers konar inneign sem verður til við það að fjármagn er látið standa eftir inni á bankareikningi eða vegna tímabundinna aðstæðna sem stafa af almennum bankaviðskiptum og sem innlánsstofnun skal endurgreiða í samræmi við þar að lútandi laga- og samningsskilmála, og hvers konar skuld sem viðurkennd er með vottorði, útgefnu af innlánsstofnun.“

Við mat á því hvort fjármunirnir sem stefnandi afhenti Landsbanka Íslands hf. tímabundið til ráðstöfunar sé „innstæða“ í skilningi laga nr. 98/1999 reynir einkum á eðli viðskiptanna. Stjórn Fjármálaeftirlitsins fjallaði um það á fundi sínum 11. nóvember 2008 hvaða áhrif ákvarðanir eftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda hinna föllu banka hefðu á tiltekna fjármögnun þeirra, nánar tiltekið þegar um er að ræða svokölluð peningamarkaðslán/innlán frá fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt bréfi stjórnar Fjármálaeftirlitsins sama dag til Landsbanka Íslands hf. ákvað stjórnin enn fremur að áréttu að skuldbindingar vegna slíkra lána frá fjármálafyrirtækjum yrðu ekki fluttar til nýju bankanna.

Undir rekstri málsins aflaði stefnandi matsgerðar dómkvaddra matsmanna. Í skýrslu þeirra er gerður greinarmunur á peningamarkaðsinnlánum og millibankalánum og eðlismun þeirra lýst. Fram kemur að munurinn felst aðallega í mismunandi skilgreiningum og hverjir séu aðilar að viðskiptum. Hefðbundið millibankalán (e. Interbank loan) er skammtíma peningamarkaðslán á milli tveggja fjármálafyrirtækja. Peningamarkaðsinnlán hafa víðtækari merkingu þar sem aðilar viðskipta geta verið aðrir en bankar og önnur fjármálafyrirtæki. Þó er það undantekning ef annar aðilinn í slíkum viðskiptum er ekki banki eða fjármálastofnun. Þegar talað er um peningamarkaðsviðskipti á millibankamarkaði (e. Interbank market) er átt við inn- og útlánaviðskipti banka sín á milli og yfirleitt til skemmri tíma en 12 mánaða. Þessi viðskipti byggjast yfirleitt á fyrir fram gefnum heimildum eða „línunum“ og er yfirleitt látið duga að staðfesta þau í Swift samskiptakerfinu („Society for Worldwide Interbank Financial Telecommunication“). Báðar tegundir framangreindra lána eru skammtímalán, það er lán til fjármögnunar til skemmri tíma en 12 mánaða. Slík skammtímalán eru oftast skilgreind sem „Money Market“ eða „Deposit“. Þegar lánað er til lengri tíma er almennt talað um bankalán, sem geta verið milli tveggja banka (e. Bil-lateral) og hóplán (e. Syndication). Slík lán tengjast með engum hætti millibankalánum. Venja starfsmanna í fjárstýringu banka er að líta á peningamarkaðsinnlán svipuðum augum, það er sem lán, enda gera þeir ekki greinarmun á þessari tegund fjármögnunar og annarri fjármögnun á millibankamarkaði. Samkvæmt

matsgerðinni er fremur horft á peningamarkaðsinnlán annarra aðila en fjármálafyrirtækja sem innlán fyrst og fremst vegna þess að aðalstarfsemi slíkra aðila felist ekki í að lána út fjármuni heldur að ávaxta laust fé sitt tímabundið. Þá kemur fram í skýrslu matsmanna að peningamarkaðsinnlán eru ekki skráð á sérstaka innlánsreikninga í kerfi Reiknistofu bankanna heldur eingöngu fjárstýringakerfi fjármálafyrirtækjanna.

Fram er komið að millibankalán er lán á milli tveggja fjármálastofnana. Peningamarkaðslán er millibankalán samkvæmt skilgreiningu matsmanna. Þegar um er að ræða peningamarkaðsinnlán eru skilin ekki jafn skýr þar sem fyrirtæki og einstaklingar eru annar samningsaðilinn. Peningamarkaðslán hafa verið lögð inn á reikning fjárstýringar viðkomandi lántaka samkvæmt samþykktum skilmálum lánveitanda og lántaka. Slík lán hafa ekki verið skráð inn á innstæðureikninga og bókhaldsleg skilgreining í ársreikningum íslensku bankanna samræmist því að um lán en ekki innstæður sé að ræða. Þá liggur fyrir að enginn íslensku bankanna þriggja greiddi iðgjöld af peningamarkaðsinnlánum þegar fjármálafyrirtæki voru lánveitendur.

Í skýrslu stjórnarformanns stefnanda fyrir dómi, Juan Carlos Montanola, kom fram að stefnandi hefði haft umframfjármagn sem bankinn notaði til að leggja inn (deposits) til íslenskra banka. Eftir að hafa farið yfir áhættuna (deep study) í rekstri Landsbanka Íslands hafi stefnandi lagt inn/veitt lán til bankans. Það hafi verið gert eftir athugun á því hvaða fjármálastofnun bauð bestu vaxtakjörin. Gengið hafi verið frá samningum á nokkrum mínútum í gegnum viðskiptakerfið (dealing system). Þá kom fram að um þriðjungur eigin fjár stefnanda hafi verið lánaður til íslenskra banka eftir skoðun stefnanda á íslensku efnahagslífi og bönkunum. Lánalínur stefnanda til Íslands voru hækkaðar í febrúar 2008.

Viðskipti stefnanda og Landsbanka Íslands hf., sem hér um ræðir, fóru fram í gegnum SWIFT-samskiptakerfið. Í texta SWIFT-skeytis um þessi viðskipti frá 6. júní 2008 segir:

WE CAN LEND U 6MTH EUR 15 MIOS AT 5.20 IF SUIT FOR U FRIE

sem þýðir: „Við getum lánað þér 15 milljónir evra í sex mánuði á 5.20 (5.2% vöxtum) ef það hentar þér.“

Í sama SWIFT-skeyti kemur fram að samkomulag hafi tekist um 15 milljónir evra á 5.18: OK I LEND U EUR 15 MIOS AT 5.18 FM 10/6 TILL 10/12/08

Viðskipti af þessu tagi eru venjubundnir samningar á millibankamarkaði og texti skeytisins bendir til þess að um lán hafi verið að ræða.

Samkvæmt gögnum máls og framansögðu verður að telja umrædda yfirfærslu fjármuna frá stefnanda til Landsbanka Íslands hf., skammtímalán á milli tveggja banka, nánar tiltekið millibankalán. Hvergi kemur fram að Landsbanki Íslands hf. hafi gefið út innstæðuskírteini fyrir þessum innborgunum eða þess hafi verið óskað af hálfu stefnanda. Þá liggur ekki fyrir að stefnandi hafi haft reikning hjá Landsbanka Íslands hf. Fram kemur að samið var sérstaklega um vaxtakjör og lánstíma, enda breytast vaxtakjör í samræmi i við lengd lána. Þegar einnig er litið

til þess að hér var um að ræða viðskipti milli tveggja banka, millibankalán, verður lagt til grundvallar að um peningamarkaðslán hafi verið að ræða en ekki peningamarkaðsinnlán.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að lán stefnanda til Landsbanka Íslands hf. geti ekki talist innstæða, sem skilgreind er sem upphæð sem stendur inn á reikningi í banka, sparisjóði eða annars konar viðskiptastofnun (e. balance). Af því leiðir að krafan verður ekki talin innstæða í skilningi laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Samkvæmt því fólst hvorki í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins skylda til að flytja umræddar skuldbindingar Landsbanka Íslands hf. gagnvart stefnanda til Nýja Landsbanka Íslands hf. (nú NBI hf.), né hefur stefnandi sýnt fram á að skuldbindingarnar hafi nokkurn tímann verið færðar. Ber því að sýkna aðalstefnda, NBI hf., af kröfum stefnanda á hendur honum í málinu.

Framangreind niðurstaða í málinu leiðir einnig til þess að ekki verður fallist á kröfur stefnanda á hendur varastefndu í málinu. Fjármálaeftirlitið hefur ekki með saknæmum hætti komið í veg fyrir að krafa stefnanda yrði greidd út eða færð til aðalstefnda. Í samræmi við þá niðurstöðu að um sé að ræða lán en ekki innstæðu verður ekki fallist á að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hafi falið í sér brot gagnvart stefnanda á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár. Sú málsástæða stefnanda að íslenska ríkið beri sjálfstæða ábyrgð á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 6. október 2008 kemur að sama skapi ekki til álita. Aðrar málsástæður stefnanda á hendur varastefndu eiga heldur ekki við haldbær rök að styðjast.

Ber því að sýkna varastefndu, Fjármálaeftirlitið og íslenska ríkið, af kröfum stefnanda á hendur þeim.

Eftir þessari niðurstöðu málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn 1.500.000 krónur til stefndu hvers um sig. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Áslaugu Björgvinsdóttur héraðsdómara og Má Wolfgang Míxa fjármálafræðingi.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, NBI hf., Fjármálaeftirlitið og íslenska ríkið, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Aresbank, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu, hverjum um sig 1.500.000 krónur í málskostnað.

Eggert Óskarsson

Áslaug Björgvinsdóttir

Már Wolfgang Mixa